

Gengið á Kerhólakamb.

Ótrúlegt er að nokkur, sem kominn er til vits og ára og á heima hér við sunnanverðan Faxaflóa þekki ekki Esjuna. En hve margir eru þeir, sem hafa gengið á fjallið og notið þess útsýnis sem þar er að fá. Ég veit ekki um neinn sem getur svarað þeirri spurningu, en ef þú lesandi góður, hefur ekki gengið á fjallið en hefur það í hyggju ætti þessi greinarstúfur að geta orðið þér einhver leiðarvísir.

Tvær leiðir munu vera fjölfarnastar á Esjuna að sunnan: önnur á Þverfellshorn frá Mógilsá, hin á Kerhólakamb frá Esjubergi, en svo nefnist vestasta brún fjallsins, en sú leið hefur orðið fyrir valinu að þessu sinni.

Við öikum heim að bænum Esjubergi og fáum leyfi til að leggja þaðan upp í gönguna og eins að fá stæði fyrir bílinn þann tíma, sem gangan tekur. Gljúfurdalur heitir dalkvosin fyrir ofan bæinn. Rétt fyrir neðan dalsmynnið stóð kotið Grund fyrrum. Hryggurinn sunnan við dalinn nefnist Langihryggur. Hann er framhald Þverfellshorns, en miklu lægri. Hann endar í þverhnýptum klettum.

Grundará rennur um Gljúfurdal. Oftast er hún lítil og sakleysislegt en getur orðið mikið vatnsfall í leysingum. Seint á 19. öld féll skriða úr hlíðinni og stíflaði ána um stund, en svo sprakk stíflan og vatn og aur þeyttust fram úr gilkaftinum og yfir Grund. Bærinn hefur ekki verið byggður síðan.

Árið 1977 efndi Ferðafélag Íslands til margra gönguferða á Esju. Þá var farið upp brekkuna fyrir norðan ána og klettabeltið þar fyrir ofan. Þott þessir klettir virðist vera nokkuð glæfralegir til að sjá, en það sjónblekking, því auðvelt er að finna þar góða gönguleið. Af klettabrúninni er ýmislegt forvitnilegt að sjá.

Sögusvið Kjalnesingasögu, sem er ein Íslendingasagnanna, er á þessum slóðum. Esjuberg er landnámsjörð. Þar bjó kerlingin Esja. Hún fóstraði Búa Andriðsson, aðalkappa sögunnar. Sagan segir að hellir hafi verið uppi í klettunum í enda Langahryggs og þar hafi Búi leynst fyrir óvinum sínum. Hellirinn bar nafn hans. Nú sést hann ekki. Sagt hefur verið að fyrsta kirkja á Íslandi hafi verið byggð á Esjubergi, en þrátt fyrir rannsóknir hefur það ekki fengist staðfest. Fyrir handan veginn er býlið Móar, sem var bújörð Mathíasar Jochumssonar skálds, þegar hann var prestur á Kjalarnesi. Við sjáum hvar Brimnesið gengur fram milli Kollafjarðar og Hofsvíkur og úti á firðinum eru eyjarnar Lundey og Þerney, sem er eins og stafurinn H í laginu. Meira mætti upp telja, en það má bíða um sinn. Ef þú hefur kort meðferðis er kjörð að líta í það

Nú hefst sjálf fjallgangan. Við göngum eftir hryggnum, milli Bolagils að vestan og Auðagils eða Hestagils að austan. Brattinn er jafn og sígandi og veldur ekki miklum erfiðleikum. Samt er þetta lýjandi og nauðsynlegt að flýta sér ekki um of, heldur taka smáhvíldir af og til.

Eftir um það bil klukkustundar gang, þó með nokkrum hvíldum, komum við að toppmynduðum hól, sem heitir Nýpuhóll. Hann er nokkru fyrir neðan Kambinn. Þar mun hæðin á fjallinu vera um 600 m. Ca. 250 m hækkuð er eftir. Venjulega er þessi hvíld notuð til að líta í bakpokann og fá sér smá hressingu. Að lokinn góðri hvíld leggjum við af stað í síðasta áfangann. Hægt og sígandi náum við brúninni fyrir neðan Kambshornið. Þar opnast nýtt svið. Við sjáum Akranes, Hvalfjörðinn og beint fyrir neðan horfum við ofan í Blikdalinn. Þá er síðasta lotan eftir, að ganga brekkuna upp á Kerhólakambinn. Stór steinn er efst í brekkunni. Þar erum við í 800 m hæð. Frá steininum að vörðunni sem er þar sem Kamburinn er hæstur er hæg ganga, þótt hækkunin sé um 50 m.

Hvert er þá útsýnið? Við sjáum Eldey út af Reykjanesi, Snæfellsjökul og fjallgarðinn þar austur af, Skarðsheiði, Akranes, Hvalfell, Botnssúlur, Ok, Þórisjökul, Heklu, Tindfjallajökul og Eyjafjarðarjökulsvo eitthvað sé nefnt. En sjón er sögu ríkari og kortið hjálpar til við að festa örnefni og önnur kennileiti í minni.

Eftir góða dvöl á fjallinu höldum við sömu leið til baka og að bilnum við Esjuberg eftir 5-6 klst. rólega ferð.

(Mbl. 12. júní 1980)